

Reglur um útnefningu borgarlistamanns - Í gildi frá 6. maí 2010

1. gr.

Árlega skal veitt úr borgarsjóði viðurkenning til borgarlistamanns Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálaráð útnefnir borgarlistamann.

2. gr.

Þeir einir listamenn koma til greina við útnefningu borgarlistamanns, sem búsettir eru í Reykjavík.

3. gr.

Útnefning borgarlistamanns skal fara fram einu sinni á ári og samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni.

Greinargerð frá 1995:

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg veitt ár hvert tveimur listamönnum starfslaun, annars vegar til þriggja ára og hins vegar til eins árs. Sá listamaður sem hlotið hefur eins árs starfslaun hefur ennfremur verið útnefndur borgarlistamaður. Afhending viðkomandi starfslauna hefur farið fram á afmælisdegi Reykjavíkurborgar 18. ágúst.

Menningarmálanefnd lagði til árið 1995 að reglum um starfslaun yrði breytt þannig að starfslaunum borgarlistamanns - eins árs starfslaunum - yrði breytt í viðurkenningu og að borgarlistamaður yrði útnefndur 17. júní ár hvert.

Með þessu vildi menningarmálanefnd Reykjavíkur aðgreina annars vegar hefðbundin starfslaun þar sem listamenn sækja um laun í ákveðinn tíma til að sinna listsköpun sinni, og hins vegar viðurkenningu til handa reykvískum listamanni sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi.

Þessi tillaga menningarmálanefndar Reykjavíkur var samþykkt og var borgarlistamaður útnefndur í fyrsta sinn í samræmi við hinar nýju reglur þ. 17. júní 1995.

Greinargerð júní 2003:

Upphæðin kr. 500.000 hefur verið sú sama síðan 1995 eða í 8 ár og er hækkunin í samræmi við þann heiður sem þessari tilnefningu ætti að fylgja. Mismunur kemur úr styrkjaramma menningarmála árið 2003. Samþykkt í menningarmálanefnd 12. júní 2003 og í borgarráði 16. júní sama ár að viðurkenningin myndi nema 1.000.000 kr.

Greinargerð apríl 2010:

Menningarmálanefnd breyttist í Menningar- og ferðamálaráð árið 2005. Árið 2007 samþykkti Menningar- og ferðamálaráð við fjárhagsgerð ársins 2008 að hækka viðurkenningarframlagið úr einni í eina og hálfa milljón króna í samræmi við þann heiður sem þessari tilnefningu á að fylgja. Hefur upphæðin numið þeirri fjárhæð síðan en þykir eðlilegt að hún sé hluti af fjárhagsáætlunarferlinu hverju sinni. Breyting á reglum samþykkt í menningar- og ferðamálaráði 26. apríl 2010 og í borgarráði 6. maí 2010.